



Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 7. maí 2021
Tilv.: SRN19040044/4.10.11

Með bréfi til allra sveitarfélaga, dags. 13. nóvember 2019, fór ráðuneytið fram á að *gjaldskrár vatnsveitna sveitarfélaga væru yfirfarnar* þannig að þær taki mið af þeim sjónarmiðum að vatnsgjald er þjónustugjald og að óheimilt er að ákvarða sveitarfélagi arð af fjármagni sem bundið er í rekstri vatnsveitu. Þá óskaði ráðuneytið eftir að vera upplýst með stuttri samantekt um ákvörðun vatnsgjalds og gögn sem byggt væri á í því sambandi.

Eftir yfirferð á svörum sveitarfélaga og vatnsveitna telur ráðuneytið að ekki sé nægilega ljóst á hvaða kostnaðarliðum sveitarfélög og vatnsveitur í þeirra eigu byggja ákvarðanir sínar um álagningu vatnsgjalds, eins og þeim ber að gera á grundvelli meginreglna stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar sem gilda um töku þjónustugjalda.

Ráðuneytið hefur því með vísan til 1. tl. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga tekið ákvörðun um að taka málið til formlegrar umfjöllunar og gefið út meðfylgjandi leiðbeiningar hér að lútandi og um álitafni því tengdu. Í leiðbeiningunum er m.a. fjallað um hvort vatnsveitu sé heimilt að miða upphæð vatnsgjalds við arðsemiskröfu og hvað beri að gera við tekjuafgang af rekstri vatnsveitna. Í viðauka við leiðbeiningarnar er fjallað um þá kostnaðarliði sem hægt er að leggja til grundvallar við álagningu vatnsgjalds.

Vegna þessa fer ráðuneytið fram á að *gjaldskrá vatnsveitu sveitarfélagsins verði yfirfarin að nýju* með hliðsjón af leiðbeiningum ráðuneytisins. Fer ráðuneytið þess á leit að verða í framhaldinu upplýst um niðurstöðu sveitarfélagsins hvað varðar forsendur fyrir þeim útreikningum sem gjaldskrá vatnsveitunnar um álagningu vatnsgjalds er byggð á, sbr. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fer ráðuneytið fram á að vera upplýst um langtímaáætlun vatnsveitunnar, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Telji sveitarfélagið að lokinni yfirferð sinni að ekki sé ástæða til að uppfæra gjaldskrá vatnsveitunnar er farið fram á að sú niðurstaða verði rökstudd í svari til ráðuneytisins.

Skulu umbeðnar upplýsingar berast í netfangið srn@srn.is fyrir 30. júní n.k.

Telji sveitarfélagið að það þurfi meiri tíma til þessarar vinnu er nægilegt að upplýsa ráðuneytið um það og áætluð verklok. Verða frekari frestir veittir í samræmi við það eftir atvikum.

Bréf þetta er sent til allra sveitarfélaga og gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag beri ábyrgð á svari þess fyrir þá vatnsveitu sem starfrækt er í sveitarfélaginu, sbr. 113. gr. og 116. gr. sveitarstjórnarlaga. Að fengnum þessum upplýsingum verður lagt mat á hvort að tilefni er til að taka stjórnsýslu einstakra

sveitarfélaga eða vatnsveitna til formlegrar umfjöllunar, sbr. 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Að lokum er vakin athygli á því að hægt er að nálgast rafræna útgáfu af sýnidæmi sem birt í viðauka við leiðbeiningar ráðuneytisins, á vefsíðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Hermann Sæmundsson